

DEILISKIPULAG

**HAFNAR- ATHAFNA- OG IÐNAÐARSVÆÐI Á
DYSNESI Í HÖRGÁRSVEIT**

Greinargerð og umhverfisskýrsla
17. mars 2016



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1	ÁGRIP	3
2	FORSENDUR	4
2.1	STAÐHÆTTIR	4
2.1.1	LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI	4
2.1.2	JARÐLÖG Í SJÓ	4
2.1.3	VATNSLINDIR	5
2.1.4	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	5
2.1.5	VEÐURFAR	5
2.1.6	NÁTTÚRUVÁR	5
2.2	NÁTTÚRUVERNÐ	6
2.2.1	NÁTTÚRUMINJAR	6
2.3	FORNMINJAR	8
2.4	EFNISTÖKUMÖGULEIKAR	8
2.4.1	SAMGÖNGUR	8
2.4.2	VEITUR	9
2.5	HÚSAKÖNNUN	9
2.6	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	9
2.6.1	SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024	9
2.6.2	AÐALSKIPULAG ARNARNESHREPPS 1997-2017	10
2.6.3	HÖRGÁRSVEIT, AÐALSKIPULAG 2012-2024	10
2.6.4	VAXTARSAMNINGUR EYJAFJARÐAR	12
2.6.5	NÁTTÚRUMINJASKRÁ	12
2.6.6	SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2014	12
2.6.7	KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2013-2017	12
3	ALMENN ATRIÐI	13
3.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	13
3.2	ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR	13
3.3	LANDNOTKUN	14
3.3.1	ATHAFNALÓÐIR	15
3.3.2	IÐNAÐARLÓÐIR	15
3.3.3	LÓÐIR FYRIR HAFNSÆKNA STARFSEMI	15
3.3.4	GEYMSLU- OG ATHAFNASVÆÐI Í UMSJÁ HAFNARSTJÓRNAR	15
3.3.5	HAFNARBAKKASVÆÐI	16
3.4	SAMGÖNGUR	16
3.4.1	VIÐLEGUKANTUR	16
3.4.2	GATNAKERFI	16
3.4.3	BÍLASTÆÐI	17
3.4.4	GÖNGULEIÐIR	17
3.5	VEITUR	17
3.5.1	VATNSVEITA	17
3.5.2	HITAVEITA	17
3.5.3	RAFVEITA	17
3.5.4	FRÁVEITA	17
3.6	LANDMÓTUN	17
3.7	OPIN SVÆÐI	18
3.7.1	TRJÁ- OG RUNNAGRÓÐUR	18
3.7.2	FORNMINJAR	18
3.8	LANDFYLLING	18
3.9	ÁFANGASKIPTING	18
3.10	ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR	20

4	SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR	21
4.1	ALMENN ÁKVÆÐI	21
4.1.1	NÝTINGARHLUTFALL	21
4.1.2	BYGGINGARREITIR	21
4.1.3	FRÁGANGUR LÓÐA	21
4.1.4	GIRÐINGAR	21
4.1.5	HÚS SEM HEIMILT ER AÐ RÍFA	21
4.1.6	MINNIHÁTTAR MANNVIRKI	21
4.1.7	AÐALUPPDRAETTIR	22
4.1.8	VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR	22
4.1.9	MÆLI- OG HÆÐARBLÖÐ	22
4.2	SÉRÁKVÆÐI	22
4.2.1	ATHAFNASVÆÐI HAFNAR	22
4.2.2	LÓÐIR FYRIR VEITUMANNVIRKI	23
4.2.3	LÓÐIR FYRIR HAFNSÆKNA STARFSEMI	23
4.2.4	IÐNAÐARLÓÐIR	23
4.2.5	ATHAFNALÓÐIR	24
4.3	BREYTINGAR, MÁLSMEÐFERÐ	24
4.3.1	BREYTINGARBLAÐ	24
5	MÁLSMEÐFERÐ	26
5.1	KYNNING, SAMRÁÐ OG AUGLÝSING	26
5.1.1	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	26
5.2	SAMÞYKKT	27
6	HEIMILDIR	28
7	UMHVERFISSKÝRSLA	30
7.1	SAMANTEKT	30
7.2	YFIRLIT SKIPULAGSÁÆTLUNAR	31
7.3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	31
7.4	UPPLÝSINGAR UM GRUNNÁSTAND	31
7.5	UMHVERFISÞÆTTIR OG SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA	31
7.6	UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR OG VALKOSTIR	32
7.7	NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS	33
7.8	SAMRÁÐ	33
7.9	VÖKTUNARÁÆTLUN	33
8	UPPDRAETTIR	34
8.1	DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR	34
8.2	SKÝRINGARUPPDRATTUR	35

1 ÁGRIP

Viðfangsefni deiliskipulagsins er hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi við vestanverðan Eyjafjörð. Í byrjun 9. áratugarins voru unnar grunnrannsóknir fyrir uppbyggingu stóriðju við Dysnes. Síðustu ár hafa áherslur breyst og ekki er lengur stefnt að stóriðju á svæðinu auk þess sem skilgreint athafna- og iðnaðarsvæði hefur verið minnkað. Fyrirhuguð er vöruhöfn í tengslum við hafnar-, athafna- og iðnaðarlóðir í samræmi við aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Hafnarsamlag Norðurlands bs. hefur frumkvæði að gerð skipulagsins og Hörður Blöndal hafnarstjóri hefur haft yfirumsjón með verkinu. Skipulagið er unnið af Árna Ólafssyni og Lilju Filippusdóttur hjá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Greinargerð þessari og umhverfisskýrslu fylgja eftirtalin gögn: skipulagsuppdráttur dags. 17.03.2016, skýringaruppdráttur dags. 17.03.2016 og viðaukar dags. 07.01.2014.

2 FORSENDUR

2.1 STADHÆTTIR

2.1.1 LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI

Dysnes er á Galmaströnd í Hörgársveit, miðja veginni milli Hörgárósa og Hjalteyrar við vesturströnd Eyjafjarðar. Á Galmaströnd er 2,5-3 km breitt undirlendi frá mynni Hörgárdals að Arnarnesvík. Sunnan til er undirlendið flatlentið, en norðan til er rúmlega 4 km langur og meira en 80 m hár ávalur ás byggður upp úr jökulruðningi.¹

Skipulagssvæðið er við suðurenda þessa áss á láglandi. Svæðið er með aflíðandi halla frá um 26m hæð á vesturmörkum niður að sjávarbakka í 5m hæð í austri og þar fyrir neðan er malarströnd. Á suðurmörkum þess er Pálmholtslækur sem rennur til sjávar í farvegi sem hvílir í malarhvilft. Á suð-austurhorni er lágur hóll og má á honum greina fornar tóftir.

Skipulagssvæðið er gróið og að mestum hluta þýft mólendi. Ræktuð tún eru á suðaustur hluta þess. Í úttekjum á svæðinu tengdum stóriðjuáformum uppúr 1980 var hluti þess flokkaður sem mýrlendi en landið hefur verið ræst fram með framræsluskurðum. Hlutar af svæðinu eru þó sennilega nokkuð deigir enn í dag. Malarströnd er meðfram allri austurströnd svæðisins. Laus jarðefni þekja fast undirlag að mestu.



Mynd 1. Skipulagssvæðið. Horft til norðurs.

Orkustofnun gerði rannsóknarholur og gróf gryfjur til að kanna jarðvegsdýpt á svæðinu 1983. Halldór G. Pétursson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands og Eiríkur Jónsson, verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Norðurlands, gerðu fleiri rannsóknarholur til að kanna frekar jarðvegsþykkt á svæðinu árið 1990. Rannsóknarholurnar eru að hluta utan skipulagssvæðis sem nú er til umfjöllunar. Mikilvægt er að hafa í huga að allar rannsóknir miðuðust við uppbyggingu umfangsmikilla iðjuvera á svæðinu og ber því að túlka eldri niðurstöður og ályktanir í því ljósi. Flestar rannsóknarholur enduðu í fíngerðum jökulruðningi. Jökulruðningurinn var yfirleitt óharðnaður, óvenju ríkur af fínefnum og með hærra hlutfall af leir en algengt er fyrir íslenskan jökulruðning. Jarðvegsþykkt var mikil og vegna fínefnainnhalds er sá jökulruðningur ekki frostfrír og lítt freistandi sem byggingarundirstaða og líkur á að talsvert magn af efni hefði þurft að fjarlægja úr verksmiðjugrunni.² Jarðvegsdýpt skv. áðurnefndum mælingum sýna tölur frá 1,9 m niður á tæpa 7 m og í sumum tilfellum var borun hætt áður komið var niður á fast yfirborð.

2.1.2 JARÐLÖG Í SJÓ

Mælingar á hæð sjávarbotns voru unnar af Sjósmælingum Íslands 1982 og seismískar endurvarpsmælingar af Hafrannsóknarstofnun sama ár. Sumarið 1999 voru laus jarðlög rannsökuð með borunum, sýnatöku og rannsókn sýna. Siglingastofnun sá um borun og sýnatöku, Verkfræðistofa Norðurlands um mælingar og Rannsóknarstofnun byggingar-iðnaðarins um rannsókn sýna. Skipulagning, úrvinnsla og samræming við eldri rannsókn var í

¹ Staðarval stóriðju við Eyjafjörð..., 1983.

² Halldór G. Pétursson, 1990.

höndum Almennu Verkfræðistofunnar hf. Í niðurstöðum segir að við ströndina sé klöpp í yfirborði en sjávarbotn og klöpp falli þaðan út frá landi. Hæð á klöpp er um 2 m undir sjávarbotni næst landi en eykst eftir því sem fjær dregur landi upp í 10 m en minnkar svo aftur.³

2.1.3 VATNSLINDIR

Í næsta nágrenni við Dysnes er ákaflega lítið um lindavatn. Í skýrslu Orkustofnunar frá árinu 1983 voru skoðaðir þrír staðir til vatnsöflunar, þ.e. við Hörgá á Vaglaeyrum en þaðan hefur vatni verið dælt til Akureyrar úr nokkrum borholum, í Hofsskarði og í Hrauni í Öxnadal. Í skýrslunni kemur fram að næstu umtalsverðu lindir eru í Hofsskarði 4 km VSV af Dysnesi. Við skoðun þeirra í september 1981 gáfu þær um 80-90 l/s af lindarvatni í tveimur lækjum en rennsli slíkra linda er sveiflukennt eftir árstíðum. Inn við Hraun eru allmiklar lindir en horft er til þeirra sem fjarlægs möguleika. Í september 1981 mældust þar 220 l/s og má vera að fleiri lindir leynist á þessum slóðum.⁴

2.1.4 GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Ofan fjörunnar er skipulagssvæðið allt gróið. Á suðausturhluta svæðisins, í kringum bæinn Gilsbakka, eru ræktuð tún. Mýrlendi þar fyrir norðan hefur að mestu verið ræst fram. Á bæði norðvestur og suðaustur hluta svæðisins er þýft mólendi. Í rannsókn á náttúrufari á vesturströnd Eyjafjarðar, unnin 1982 af Helga Hallgrímssyni, kom fram að tvö svæði, innan skipulagssvæðisins, hefðu verndargildi þ.e. Pálmholtslækjargil, gil Gilsbakka/Sjávarbakka og fjöruir við Syðri-Bakka, Sjávarbakka og Ós sem væru mikilvægar vegna þess hversu lífríkar þangfjörur þær eru.⁵

2.1.5 VEÐURFAR

Almennt má segja um veðurfar í Eyjafirði að það sé nokkuð þurrt og milt. Að jafnaði er þar þurrara og lygnara en á suðuvesturhluta landsins og auk þess kaldara og snjóþýngra á vetrum.

1961-1990	Hitastig (°C)		Úrkoma (mm/ári)	Vindhraði (m/sek)
	Janúar	Júlí	Árið	Árið
Reykjavík	-0.5	10.6	798.8	11.4
Akureyri	-2.2	10.5	489.5	7.9

Tafla 1. Meðaltalstölur á árunum 1961-1990

Veðurfarsmælingar voru gerðar á Dysnesi á árunum frá júní 1990 til ágúst 1991. Settur var upp vindáttar- og vindhraðamælir í 10 m og 38 m hæð. Í ljós kom að suð-suðvestlægar áttir eru tíðar að vetrarlagi en norð-norðvestlægar áttir að sumarlagi. Á veturna eiga tiltölulega kaldir dalvindar mikinn hlut að máli, þá helst úr Hörgárdal og hliðardölum hans. Á sumrin er hafgola inn Eyjafjörðinn hins vegar ríkjandi. Meðalvindhraði, í 38 m hæð, mældist mestur 10,8 m/s í janúar og minnstur 4,3 m/s í júlí. Meðalvindhraði yfir árið var 6,3 m/s.⁶

2.1.6 NÁTTÚRUVÁR

JARÐSKJÁLFTAR

Engin þekkt misgengi eða jarðskjálftasprungur eru á svæðinu. Mestu jarðskjálftaáhrif sem þekkt eru af svæðinu við Dysnes eiga upptök á Skjálfanda.

³ Jón Skúlason og Karen K. Ernstdóttir, 2000.

⁴ Staðarval stóriðju við Eyjafjörð, 1983.

⁵ Helgi Hallgrímsson, 1982.

⁶ Flosi Hrafn Sigurðsson o.fl., 2004.

HAFÍS

Norðurskautið og höfin í kring eru að miklu hulin með ís. Vindur og hafstraumar eru sífellt að brjóta upp ís sem flýtur frá þangað til hann bráðnar í hlýrri sjó. Hafís á Grænlandssundi rekur stundum undan vindum og straumum inn á siglingaleiðir við Ísland og upp að ströndum landsins. Íssins gætir mest norður af Vestfjörðum og Norðurlandi en getur borist austur fyrir Melrakkaslétu. Ísbreiðan er gjarnan djúpt undan Norðurlandi. Í norðanáttum getur ísinn borist suður inn á siglingaleiðir við Norðurland og jafnvel Austfirði. Hafísinn í Grænlandssundi er mestur að vorlagi. Hætta á hafískomu við Ísland er því mest í maí.⁷

Hafísar koma í bylgjum. Ef skoðað er tímabilið 1964-2001 má draga þá ályktun að hafís geti valdið truflunum á 8 til 10 ára fresti, nokkra daga í senn. Með eftirlitstækni nútímans á það þó ekki að valda erfiðleikum.⁸

SNJÓFLJÓÐAHÆTTA

Svæðið er það langt frá fjallshlíðum að Veðurstofa Íslands metur enga snjófljóðahættu á svæðinu.⁹

STORMVIÐRI

Eyjafjörður er talinn vera á mildu veðurfarssvæði. Sterkir vindar úr suðvestri, sem magnast þegar þeir koma yfir fjöll og dali, geta myndað hviður. Vindar úr suðvestri vara yfirleitt ekki lengi í einu. Stórhrið á vetrum er vel þekkt og getur staðið í nokkra daga. Henni fylgir oft tímabundin ófærð.¹⁰

2.2 NÁTTÚRUVERNÐ

2.2.1 NÁTTÚRUMINJAR

Engin friðunarákvæði eiga við skipulagssvæðið vegna náttúruverndar. Í grennd við deiliskipulagssvæðið eru Hörgárósar sem eru á Náttúruminjaskrá (nr. 506). Í Náttúruminjaskrá segir:

506. Hörgárósar, Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.¹¹

Um Hörgárósa gilda almenn ákvæði um svæði á náttúruminjaskrá.

⁷ Þór Jakobsson, 2002.

⁸ Almenna verkfræðistofan, 2003.

⁹ Gísli Karel Halldórsson, 2005.

¹⁰ Gísli Karel Halldórsson, 2005.

¹¹ Umhverfisstofnun, 2013.



Mynd 2. Afmörkun Hörgárósa á náttúruminjaskrá (Umhverfisstofnun).



Mynd 3. Hörgárósar. Skipulagssvæðið er rétt utan við hægri jaðar myndar. Ljós. ÁÓ sept. 2007.

2.3 FORNMINJAR

Unnin var fornleifaskráning í Arnarneshreppi árið 2008 af Fornleifastofnun Íslands.¹² Þar eru skráðir 14 minjastaðir innan skipulagssvæðisins. Sex þeirra eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Einn minjastaðurinn þykir einkar áhugaverður en fullnaðarrannsókn er ekki lokið. Virðist vera sem um rænt kuml sé um að ræða og fannst þar m.a. hælbein úr manni. Vonast er til að þar séu fleiri kuml sem jafnvel geta verið öröskuð. Staðurinn nefnist Kumbhlolt og gerir skipulagið ráð fyrir að því svæði verði ekki raskað heldur það dregið fram með áningarstað og upplýsingaskilti.

2.4 EFNISTÖKUMÖGULEIKAR

Við framfylgd skipulagsins verður þörf fyrir malarefni af ýmissi gerð vegna jarðvegsskipta, landfyllingar og varnargarða. Uppbygging mun eiga sér stað á löngum tíma og efnisþörf því mis mikil eftir áföngum og uppbyggingarhraða hverju sinni.

Ekki er ljóst á þessu stigi hvort fyllingarefni fáist innan svæðisins en e.t.v. nýtist efni sem kemur upp við dýpkun utan viðlegukanta. Talsverð jarðvegsþykkt er á skipulagssvæðinu, sem ekki nýtist í landfyllingar en hluti verður nýttur til landmótunar innan svæðis.

Unnin var skýrsla af Halldóri G. Péturssyni árið 2011 fyrir svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar. Í henni er fjallað um efnisnámur vegna framtíðar uppbyggingar í Eyjafirði. Þar segir að mögulega myndu einhverjar efnisnámur í sveitarfélaginu ganga til þurrðar og e.t.v. þyrfti að opna nýjar námur, t.d. á sjávarbotni.

Efnistökmöguleikar í nágrenni Dysness:

- **Dalvíkurbyggð:** Nokkrir efnistökmöguleikar eru taldir upp í Dalvíkurbyggð en minnst 15 km fjarlægð frá Dysnesi gerir þá sennilega óhentuga.
- **Gálmaströnd:** Engir efnistökmöguleikar eru taldir upp á Gálmaströnd.
- **Hörgársveit:** Sjö möguleg efnistökusvæði eru í sveitinni: Hörgárgrunn, Nunnuhólmi, Lónsmelar, Djúparbakki-Björg-Möðruvellir, Laugaland, Moldhaugaháls og Glæsibær. Fyrst og fremst er þar að finna mól en einnig sandur og berg.
- **Um efnistöku á sjávarbotni í norðurhluta Eyjafjarðar:** Talsvert hefur verið leitað að malarefnum á sjávarbotninum milli Hríseyjar og lands en án árangurs þó flest í jarðfræði svæðisins bendi til þess að þar ættu að finnast efnismiklar malarmyndanir. Engar nákvæmar jarðfræðirannsóknir eða endurvarpsmælingar hafa þó farið fram til að ganga úr skugga um að þar leynist vinnanlegar námur. Víðar í firðinum finnast jökulbrúnir og jökulgarðar sem þyrfti að kanna betur m.t.t. dýptar og efnis hvort gætu nýst sem námur.
- **Laufásgrunn og Fnjóskárósar:** Viðbúið er að samskonar setmyndanir finnist þar og við Hörgárgrunn og Hörgárósa.
- **Vaðlaheiðargöng:** Um 200.000 m³ efnis úr Vaðlaheiðargöngum þarf að nýta á annan hátt en til vegagerðar tengdum göngum.¹³

2.4.1 SAMGÖNGUR

Aðkoma að skipulagssvæðinu, frá stofnvegi 82 Ólafsjarðarvegi, er um 3 km leið eftir héraðsvegi 812, Bakkavegi sem er malarvegur. Bakkaveg þarf að endurbyggja og leggja bundnu slitlagi samhliða uppbyggingu á skipulagssvæðinu.

Frá skipulagssvæðinu eru um 18 km til Akureyrar og um 27 km til Dalvíkur. Til Reykjavíkur eru um 390 km eftir hringveginum.

¹² Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir, 2008.

¹³ Halldór G. Pétursson, 2011.

Nálægar vöruhafnir eru á Akureyri og Dalvík.

2.4.2 VEITUR

Engin veitukerfi eru innan skipulagssvæðisins.

Tengivirki Landsnets er á Rangárvöllum á Akureyri. Þaðan liggur 66 kV flutningslína norður til Dalvíkur. Línan eru hönnuð fyrir 130 kV en er keyrð á 66 kV. Línan liggur aðeins 2 km frá Dysnesi og getur auðveldlega útvegað starfsemi á skipulagssvæði rafmagn.¹⁴

Hitaveitulögn Norðurorku liggur skammt ofan skipulagssvæðisins frá borholu á Hjalteyri til Akureyrar.

Vatnsból Akureyrar eru á Hörgáreyrum ofan Laugalands.

2.5 HÚSAKÖNNUN

Einu húsin sem standa innan skipulagssvæðisins eru bæjarhúsin á Gilsbakka. Var unnin könnun á byggingunum, þ.e. íbúðarhúsi, útihúsi og hlöðu, og mat lagt á ástand og gildi þeirra. Ekkert húsanna hefur varðveislugildi en íbúðarhúsið er upprunalegt og í þokkalegu ástandi. Húsakönnunin er í viðauka.

2.6 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Tekið er mið af eftirtöldum áætlunum:

- Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024
- Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017
- Hörgársveit, Aðalskipulag 2012-2024
- Vaxtarsamningur Eyjafjarðar
- Náttúruverndaráætlun
- Samgönguáætlun 2011-2014
- Kerfisáætlun Landsnets 2013-2017

2.6.1 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

	Markmið	Greinargerð
Iðnaðarsvæði	Stuðlað skal að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði. Stóriðjuverður ekki reist í Eyjafirði á skipulagstímabilinu.	Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur stórum iðnaðarsvæðum (stærri en 50 ha) utan þéttbýlis í Eyjafirði, þ.e. á Árskógssandi og Dysnesi. Undanfarinn áratug hafa áherslur í atvinnumálum breyst nokkuð m.a. með vegna áforma um uppbyggingu stóriðju við Húsavík. Afmörkun iðnaðarsvæðisins við Dysnes hefur verið breytt í Aðalskipulagi Arnarneshrepps (nú Hörgársveitar) frá því sem áður var í svæðis- og aðalskipulagi þannig að þar er nú gert ráð fyrir um 59 ha athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði. Skammt sunnan Dysnes eru Hörgárósar, sem eru á Náttúruminjaskrá.
Hafnarsvæði	Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.	Gert er ráð fyrir vöruhöfn í tengslum við athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi. Sú fjölbreytta hafnarstarfsemi, sem nú er á skipulagssvæðinu, er að öllu leyti á hafnarsvæðum þéttbýlisstaðanna. Áframhaldandi uppbygging og þróun þeirra verður í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag hvers sveitarfélags, óháð svæðisskipulagi.

¹⁴ Almenna verkfræðistofan, 2003.

Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir einu hafnarsvæði utan þéttbýlis (á Dysnesi). Önnur ný stór hafnarsvæði utan þéttbýlis krefjast breytingar á svæðisskipulagi þar sem gerð þeirra og rekstur hefur áhrif á svæðið í heild, t.d. hvað varðar ásýnd, auðlindanýtingu, náttúruvernd og umferð. Skammt sunnan Dysness eru Hörgárósar, sem eru á Náttúruminjaskrá.


2.6.2 AÐALSKIPULAG ARNARNESHREPPS 1997-2017

Sveitarfélögin Arnarneshreppur og Hörgárbyggð voru sameinuð í Hörgársveit árið 2010. Eftir sameiningu var unnið nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og tók það gildi í byrjun árs 2016.

Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 er nú fallið úr gildi en það gerði ráð fyrir höfn og iðnaðarsvæði við Dysnes. Svæðið var minnkað með aðalskipulagsbreytingu árið 2013. Í greinargerðinni stendur:

Talið var að höfn gæti komið við Dysnes. Aðdýpi er þar gott. Úthafsöldu gætir lítið, en austan-, norðan- og sunnanalda gæti valdið minni skipum erfiðleikum. Fjörðurinn er um 6 km breiður á þessum stað. Ríkjandi vindáttir eru inn og út fjörðinn (NNV-SSA). Innsigling er góð. Mesti munur á flóði og fjöru er aðeins um 2 m. Botn hefur ekki verið rannsakaður, en klappir koma sums staðar fram við fjöruborð. Hafnarskilyrði hér eru góð. Akureyrarhöfn sem er í 16 km fjarlægð, gæti þjónað sem varahöfn fyrir minni skip. Dýptarmælingum og bergmálmælingum til að kanna botnlög hefur verið lokið á þessum stað.¹⁵

AÐALSKIPULAG ARNARNESHREPPS 1997-2017 - BREYTING



Mynd 4. Breyting á Aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, staðfest 07.12.2013. Fallið úr gildi.

2.6.3 HÖRGÁRSVEIT, AÐALSKIPULAG 2012-2024

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 tók gildi 11. janúar 2016. Í skipulaginu eru tilgreindir þrír landnotkunarflokkar á deiliskipulagssvæðinu, blönduð landnotkun athafna- og iðnaðarsvæðis (AT2) og hafnarsvæði (H1). Í skipulaginu eru sett fram markmið og leiðarljós fyrir landnotkunarflokkana auk skilmála fyrir hvern reit. Hafnarsvæði er skilgreint í sjó fram svo þar rýmist áætluð hafnarmannvirki s.s. sjóvarnir, viðlegukantar og landfyllingar.

¹⁵ Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017, 1998:45.



Mynd 5. Úr aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.

	Lýsing
Athafnasvæði AT-2 Dysnes	Blönduð landnotkun með iðnaðarsvæði, 60% athafnasvæði og 40% iðnaðarsvæði. Iðnaðarlóðir eru einkum ætlaðar undir iðnfyrirtæki/verksmiðjur sem henta á athafnasvæðum og hafa litla mengun í för með sér. Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita verður skilgreind í deiliskipulagi. Huga skal í deiliskipulagi hvernig minnka má sjónræn áhrif af svæðinu. Nánari uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi. Svæðið er samtals um 34 ha.
Hafnarsvæði H-1 Dysnes	Mörk hafnarsvæðis á landi liggja samsíða strandlínu, u.þ.b. 250 m frá henni. Starfsemi þar hefur ekki mengun í för með sér. Þar fyrir ofan verði blönduð landnotkun (60/40%) fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi. Hafnarsvæðið er um 52 ha og athafna- og iðnaðarsvæði um 34 ha að stærð. Neysluvatn fyrir svæðið verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar og svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð innan svæðisins. Fráveita verður skilgreind í deiliskipulagi. Huga skal í deiliskipulagi hvernig minnka má sjónræn áhrif af svæðinu. Nánari uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi.
Hverfisverndarsvæði HV-13	Tveir kumlstaðir eru líklega í landi Syðri-Bakka og hefur hvorugur verið rannsakaður að fullu ennþá. Fyrst er að nefna Dysnes (071:009) þar sem þústir sem líkjast kumlum fundust vettvangsrannsókn en hafa aldrei verið rannsakaðar. Hins vegar er það Kumholt (071:013) en þar leynast nokkrar þústir (hugsanlega allt að sex) í röð frá norðri til suðurs, og holur í þeim með sömu stefnu.

ÚR UMhverfisskýrslu aðalskipulagsins:

Íbúáþróun og atvinnuhættir

...Stærsta atvinnugreinin í Hörgársveit er landbúnaður með u.þ.b. 40% ársverka í sveitarfélaginu. Verslun og þjónusta kemur þar á eftir með rúm 20% og spilar ferðaþjónusta

þar stórt hlutverk. Þessar tölur geta breyst með tilkomu hafnar á Dysnesi og starfsemi sem settist þar að og því gæti hlutdeild iðnaðar aukist nokkuð í framtíðinni...¹⁶

Áhrif stefnu aðalskipulags vegna iðnaðar- og athafnasvæðis og hafnarsvæðis

Í aðalskipulagi Hörgársveitar verður gert ráð fyrir 86 ha svæði fyrir hafnsækna starfsemi, iðnaðar- og athafnasvæði. Um er að ræða svæði við Dysnes en þar hafa áherslur breyst mikið frá því að upphaflegt aðalskipulag Arnarneshrepps öðlaðist gildi. Í því aðalskipulagi var gert ráð fyrir svæði fyrir stóriðnað en gerð hefur verið breyting á aðalskipulaginu þar sem svæðið var minnkað úr um 120 ha í 59 ha. Metin eru umhverfisáhrif þess stóriðnaðar eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br., á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu. Ekki er lagt mat á áhrif mismunandi iðnaðarstarfsemi m.t.t. stærðar, mengunar og annarra slíkra þátta. Möguleg áhrif stefnumörkunar um svæðið við Dysnes eru að mestu leiti háð tegund starfseminnar sem þar mun fara fram. Starfsemin kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Mikilvægt er að huga að útfærslu svæðisins m.t.t. umhverfis-, náttúru- og ferðaþjónustusjónarmiða.¹⁷

Niðurstaða

Niðurstaða samanburðar á stefnu aðalskipulags og núllkosti er að stefna uppbyggingu iðnaðar, athafna- og hafnarsvæðis geti haft neikvæð áhrif á landslag, ásynd, náttúrfa og menningaminjar á svæðinu en það fer þó allt eftir umfangi starfseminnar. Jákvæð áhrif mun verða á íbúapróun og atvinnulíf þar sem fjölbreytni í atvinnulífi eykst með tilkomu fyrirtækja og hafnaraðstöðu á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að á svæðið komi stóriðja eða annar mengandi iðnaður heldur fjölbreytt starfsemi sem geti notið góðs af nálægð við höfn.¹⁸

2.6.4 VAXTARSAMNINGUR EYJAFJARÐAR

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Áhersla skal vera á stærri og veigameiri samvinnuverkefni sem hafa það markmið að efla nýsköpun og þróun í atvinnulífi svæðisins.

2.6.5 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Í grennd við skipulagssvæðið eru Hörgárósar sem eru á Náttúruminjaskrá. Engar jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er að finna á skipulagssvæðinu.

2.6.6 SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2014

Ekki er gert ráð fyrir gerð nýrrar hafnar á Dysnesi í gildandi samgönguáætlun.

2.6.7 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2013-2017

Landsnet hefur unnið að frumskoðun og undirbúningsverkefnum til að tengja iðnaðarsvæði við flutningsnet raforku. Dysnes er ekki þar á meðal en kemur fram í frumgreiningu skv. aðalskipulagi sveitarfélaga.

Næsta raflína er Dalvíkurlína sem flytur 66 kV með flutningsgetu uppá 132 kV.

¹⁶ Hörgársveit, Aðalskipulag 2012-2024, kafli 1.2.3 umhverfisskýrslu.

¹⁷ Hörgársveit, Aðalskipulag 2012-2024, kafli 4.3.1 umhverfisskýrslu.

¹⁸ Hörgársveit, Aðalskipulag 2012-2024, kafli 4.3.3 umhverfisskýrslu.

3 ALMENN ATRIÐI

3.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ



Mynd 6. Dysnes, horft til norðurs.

Afmörkun svæðisins miðast við landnotkunarreiti í aðalskipulagi. Það afmarkast af Bakkavegi í vestri, Pálmholtslæk í suðri og landamörkum Bakkagerðis í norðri. Skipulagssvæðið nær í sjó fram til austurs, um 400 m frá strönd, til að rúma fyrirhuguð hafnarmannvirki. Svæðið er því samtals um 86 ha, 59 ha eru á landi og 27 ha í sjó.



Mynd 7. Afmörkun skipulagssvæðis á loftmynd, 86 ha.

3.2 ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR


Sveitarstjórn Hörgársveitar leggur áherslu á eftirtalin atriði við uppbyggingu athafna- og hafnarsvæðis við Dysnes:

- Ekki er gert ráð fyrir að á svæðið komi stóriðja eða annar mengandi iðnaður heldur fjölbreytt starfsemi sem geti notið góðs af nálægð við höfn.
- Uppbygging eykur fjölbreytni í atvinnulífi og skapar störf í sveitarfélaginu bæði til skemmri og lengri tíma. Athafnasvæði tengt hafnarsvæði gefur margvíslega möguleika á fjölgun atvinnutækifæra.
- Til lengri tíma getur vöruhöfn aukið vægi sjóflutninga sem veldur minni mengun en landflutningar.

- Mikilvægt er að standa vel að málum og huga að útfærslu uppbyggingar m.t.t. umhverfis-, náttúru- og ferðaþjónustusjónarmiða.
- Ef nauðsynlegt verður að hrófla við skráðum fornminjum innan svæðis skal það gert í fullu samráði við minjavörð.
- Vanda skal til ákvarðana um efnistöku vegna landfyllinga og jarðvegsskipta tengdum framkvæmdunum. Leitast skal við að nýta efni af réttum gæðum (þ.e. aðeins jafn gott efni og þörf er á).
- Jarðefni sem falla til við jarðvegsskipti á svæðinu verði notuð sem mest innan svæðisins í landmótun með jarðvegsmönnum til að milda ásýnd, veita skjól á athafnasvæði og bæta hljóðvist.
- Byggingarskilmálar skulu nokkuð opnir en nýtingarhlutfall og hámarkshæð bygginga tryggi góða ásýnd.

3.3 LANDNOTKUN

Í skipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæðis auk hafnar og hafnsækinnar starfsemi. Aðkoma að svæðinu er frá Bakkavegi og liggur safngata fyrir miðju svæði niður að hafnarbakka. Gert er ráð fyrir um 16,5 ha landfyllingu með viðlegukanti fyrir stór skip og athafnasvæði hafnar með fjölbreyttum og sveigjanlegum nýtingarmöguleikum.



Mynd 8. Skipting lóða eftir starfsemi.

Athafna- og iðnaðarlóðir verða í umsjá sveitarfélagsins Hörgársveitar. Lóðir fyrir hafnsækna starfsemi, athafnasvæði hafnar og hafnarbakkasvæði verða í umsjá Hafnasamlags Norðurlands bs. Lóðirnar eru fjölbreyttar að stærð og geta aðlagast ýmiss konar starfsemi.

Skal starfsemi á lóðunum falla undir skilgreinda landnotkun sbr. 6.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 auk þess sem takmörk eru sett við mengandi starfsemi á iðnaðarlóðum.

3.3.1 ATHAFNALÓÐIR

Um starfsemi á athafnalóðum gildir ákvæði e liðar í 6.2. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Athafnalóðir eru frá um 4.000 m² upp í tæpa 9.000 m². Þær eru vestast og syðst á skipulagssvæðinu.

3.3.2 IÐNAÐARLÓÐIR

Um starfsemi á iðnaðarlóðum gildir ákvæði f liðar í 6.2 gr. í skipulagsreglugerð eftir því sem þau eiga við áformaða starfsemi:

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.


Lóðir eru frá um 5.000 m² og upp í rúma 13.000 m² að flatarmáli. Þær eru á miðju svæðinu, ofan lóða fyrir hafnsækna starfsemi og norðan safngötu. Iðnaðarlóðirnar eru einkum ætlaðar undir iðnfyrirtæki og/eða verksmiðjur, sem ekki eru taldar hafa neikvæð umhverfisáhrif.

3.3.3 LÓÐIR FYRIR HAFNSÆKNA STARFSEMI

Á lóðum fyrir hafnsækna starfsemi er fyrst og fremst gert ráð fyrir framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum sem þjóna sjávarútvegi og skipafyrirtækjum svo og fyrirtækjum sem njóta hagræðis af nálægð við höfn, t.d. vegna aðfanga og flutninga. Til almennrar hafnsækinnar starfsemi flokkast t.d. vörugeymslur, lagerbyggingar, vinnuvélaverkstæði, gámasverkstæði og ýmiss konar þjónusta önnur sem viðeigandi er á stærri athafna- og hafnarsvæðum.

Úthlutun lóða er háð samþykki hafnarstjórnar.

Lóðir eru frá um 7.000 m² upp í rúma 17.000 m². Þær eru ofan athafnasvæðis hafnar bæði sunnan og norðan safngötu. Flestar lóðanna ná á milli gatna og hafa því aðkomu bæði ofan frá og neðan frá. Landhalli og aðkomuleiðir gefa kost á byggingum á tveimur eða fleiri hæðum eða aðkomu á fyrstu og annarri hæð.



Mynd 9. Kennisneiðing í lóð fyrir hafnsækna starfsemi með hæðarmun fyrir miðri lóð.

3.3.4 GEYMSLU- OG ATHAFNASVÆÐI Í UMSJÁ HAFNARSTJÓRNAR

Upp af hafnarbakkasvæði er geymslu- og athafnasvæði, sem ekki verður úthlutað sem venjulegum leigulóðum. Svæðið er tvískipt, norðan og sunnan safngötu. Um er að ræða vinnusvæði hafnarinnar þar sem gert er ráð fyrir umferðar- og þjónustusvæðum vegna losunar og lestunar og geymslusvæðum. Þar verður heimilt að koma fyrir mannvirkjum, tækjum og byggingum sem nauðsynleg eru vegna þjónustu við skip, losun, lestun og geymslu. Byggingarreitir eru með sérákvæðum þar sem ekki er gert ráð fyrir varanlegum byggingum.

Hafnarstjórn getur skipt svæðinu niður milli rekstraraðila og leigt til lengri eða skemmri tíma. Sveigjanleiki í nýtingu svæðisins eykur möguleika hafnaryfirvalda til þess að bregðast við breytingum á starfsemi og þörfum fyrirtækja og rekstraraðila með hafnsækna starfsemi.

Mögulegt er að koma fyrir þurrkví, allt að 250 m að lengd, innan athafnasvæðis hafnar.

3.3.5 HAFNARBAKKASVÆÐI

Á hafnarbakkasvæði eru viðlegukantar, hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði sem eru í umsjá hafnarstjórnar. Þar verða engar byggingar aðrar en lítill þjónustuhús fyrir tengibúnað við veitukerfi og tækjabúnað vegna lestunar og losunar.

3.4 SAMGÖNGUR

3.4.1 VIÐLEGUKANTUR

Gert er ráð fyrir allt að 600 m löngum viðlegukanti. Útfærsla og áfangaskipting er ekki sýnd á skipulagsupprætti. Dýpi við viðlegukant er allt að 12 m og er áætlað að skip allt að 40.000 BT geti lagst þar við byggju.


Við viðlegukantinn er skilgreint hafnarbakkasvæði sem er um 40 m breitt og er frísvæði fyrir umferð vinnuvéla.

Gerðar skulu öldufarsrannsóknir og farið yfir aðrar hafnartæknilegar forsendur áður en hafnarmannvirki verða hönnuð.


3.4.2 GATNAKERFI

Aðkoma er frá Bakkavegi (héraðsvegi 812) um safngötu fyrir miðju svæðinu niður að fyrirhuguðum 1. áfanga hafnarinnar. Aðkomugötur að lóðum liggja norður-suður frá safngötu og mynda þær gatnanet. Gert er ráð fyrir tveimur aðkomum að stærstu lóðunum, þ.e. bæði að austan- og vestanverðu/ofan- og neðanverðu enda er hæðarmunur innan þeirra lóða.

Hér eru dæmi um útfærslu gatna, þ.e. akbrauta, gangstétta og gróðurreina. Útfærslan er ekki bindandi og verður unnin nánar við verkhönnun.



Mynd 10. Dæmi um útfærslu safngötu, breidd götu er 7,5 m og breidd götukassans í heild er 18,5 m.



Mynd 11. Dæmi um útfærslu aðkomugötu, breidd götu er 7,5 m og breidd götukassans í heild er 12,5 m.

3.4.3 BÍLASTÆÐI

Bílastæði verða að öllu leyti innan lóða og athafnasvæða. Fjöldi og útfærsla bílastæða skal koma fram á aðaluppdrætti og miðast við fyrirhugaða starfsemi, byggingarmagn og áætlaðan fjölda starfsmanna. Almennu skal gera ráð fyrir einu bílastæði á lóð fyrir hverja 50 m² í húsnæði að undanskildum vörugeymslum eða sambærilegri starfsemi en þar má miða við eitt bílastæði á hverja 150 m² húsnæðis.

Engin bílastæði verða við safngötu og aðkomugötur. Lóðarhafar geta því ekki gert ráð fyrir afnotum af almennum bílastæðum til þess að uppfylla kröfur um fjölda stæða.

Gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir allt að 20 bíla við áningarstað Kumbhlóts.

3.4.4 GÖNGULEIÐIR

Gönguleiðir liggja meðfram öllum götum og gera aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda mögulegt innan svæðisins. Einnig er gert ráð fyrir útivistarstígum og bekkjum á opnum svæðum.

3.5 VEITUR

Dreifilagnir veitna mun fylgja gatnakerfi svæðisins.

3.5.1 VATNSVEITA

Neysluvatn verður mögulega sótt í Hofsskarð eða Hörgáreyrar. Einnig verður vatn til iðnaðarnota og eldvarna sótt til sömu vatnslinda eða aðrar lausnir fundnar, allt eftir þörfum.

3.5.2 HITAVEITA

Heitt vatn verður líklega fengið úr flutningsæð frá Hjalteyri til Akureyrar. Lögnin liggur í vestari jaðri Bakkavegar, utan skipulagssvæðis.

3.5.3 RAFVEITA

Svæðið mun tengjast Dalvíkurlínu með jarðstreng að spennistöð (dreifistöð) innan skipulagssvæðisins.

Skilgreind er lóð fyrir spennistöð sem ekki er heimilt að nýta í aðra starfsemi.

3.5.4 FRÁVEITA

Skilgreind er lóð fyrir skólpmeðhöndlun sem ekki er heimilt að nýta í aðra starfsemi.

Fráveitukerfi skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp (nr. 798/1999) og ákvæði annarra viðeigandi reglugerða um þá starfsemi, sem verður á svæðinu.

3.6 LANDMÓTUN

Mikil landmótun verður innan svæðisins. Á jöðrum þess munu lóðir og vegir verða felldir að náttúrulegri landhæð. Tekið var mið af þeim mælingum sem fyrir lágu um dýpt jarðvegs við landmótun. Gera má ráð fyrir miklu magni af jarðvegi sem koma þarf fyrir utan skipulagssvæðis en hluti þess verður nýttur til landmótunar innan svæðis s.s. með jarðvegsmönnum. Jarðvegsmönnum er ætlað að milda ásýnd svæðisins meðfram Bakkavegi. Þær afmarka svæðið að hluta, mynda skjól og draga úr hljóðmengun. Trjá- og runnagróðri verður plantað óreglulega í jarðmanirnar til að gefa náttúrulegt yfirbragð.

Landmótun deiliskipulagsins er unnin í grófum dráttum. Við hönnun gatna og undirbúning framkvæmda verða landhæðir skilgreindar nánar í samræmi við meginlínur deiliskipulagsins.

Lagt er til að leitað verði samninga við landeigendur í grennd um að nýta jarðveg af skipulagssvæðinu til frágangs og endurheimts landslags í fullnýttum efnisnámmum.

3.7 OPIN SVÆÐI

Skipulagssvæðið er gróið land, mólendi að mestu en að hluta nýttjuð tún. Pálmholtslækur markar svæðið til suðurs og er ósnert svæði a.m.k. um 50 m frá bökkum lækjarins. Einnig er votlendi sem liggur út frá læknum látið ósnert. Útjaðrar lóða eru nokkuð óreglulegir og markast þeir af náttúrulegu formi landsins. Opna svæðið einkennist af ósnertu landi að hluta, melhóli, lækjargili og votlendi, og manngerðu landslagi með jarðmönum og trjá- og runnagróðri. Útivistarstígur liggur um opna svæðið og er gert ráð fyrir áningarstöðum með bekkjum og upplýsingaskiltum á áhugaverðum stöðum.

Engin friðunarákvæði eiga við skipulagssvæðið vegna náttúruverndar. Í grennd við deiliskipulagssvæðið eru Hörgárósar sem eru á Náttúruminjaskrá (nr. 506).

3.7.1 TRJÁ- OG RUNNAGRÓÐUR

Ekki er mikil hefð fyrir skógrækt á athafnasvæðum hér á landi en skógrækt á athafnasvæðinu á Grundartanga hefur gefið góða raun. Hún fegrar og mildar ásýnd svæðisins og dregur úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Skilgreind eru svæði til útplöntunar við jarðvegsmanir og á jaðri lóða syðst á skipulagssvæðinu.

3.7.2 FORNMINJAR

Skráðir eru 14 minjastaðir innan skipulagssvæðisins. Sex þeirra eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Einn minjastaður þykir einkar áhugaverður, Kumbholt, og verður hann dreginn fram með áningarstað og upplýsingaskilti auk bílastæða og útivistarstígs. Stígurinn mun liggja meðfram fleiri minjastöðum sem einnig væri vert að merkja.

Óheimilt er að ráðast í framkvæmdir fyrr en deiliskráning fornminja hefur farið fram innan skipulagssvæðisins. Einnig verður óheimilt að hefja framkvæmdir í nánd við minjastaði nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd og tilkynna Minjastofnun Íslands sbr. 24. gr. sömu laga.

Gefi niðurstaða deiliskráningar tilefni til breytingar á deiliskipulagi verður það gert.


3.8 LANDFYLLING

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir um 16,5 ha landfyllingu. Ekki liggur fyrir hvaðan efni verður fengið í fyllinguna en það verður fengið úr viðurkenndum efnisnámum sem hafa starfsleyfi. Fyllingu verður áfangaskipt líkt og skipulagini öllu. Landfyllingin er tilkynningarskyld framkvæmd (fellur undir flokk B) sbr. lið 10.22 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

3.9 ÁFANGASKIPTING

Gert er ráð fyrir að svæðið byggist upp í áföngum. Hér er lögð fram tillaga að mögulegri röð uppbyggingar en hún er ekki bindandi.

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir safngötu frá Bakkavegi að sjó. Syðsti hluti hafnarbakka verður byggður upp, um 150-200 m langur, ásamt hluta landfyllingar. Litlar athafnalóðir syðst á svæðinu, við núverandi íbúðarhús Gilsbakka, verða aðgengilegar fyrst ásamt hafnarlóðum.




Mynd 12. Mögulegt skipulag 1. áfanga.

Áframhaldandi uppbygging verður meðfram safngötunni. lðnaðarlóðir bætast við og hafnar- og athafnalóðum fjölgar auk þess sem hafnarbakki lengist til norðurs með aukinni landfyllingu.



Mynd 13. Mögulegt skipulag 2. áfanga.

Í lokaáfangu eru aðkomugötur tengdar til norðurs að götu sem liggur frá efsta hluta safngötu niður að bryggju og mynda þannig gatnanet. lðnaðar- og hafnarlóðum fjölgar auk þess sem hafnarbakki lengist enn frekar til norðurs og landfylling stækkar bæði til norðurs og suðurs. Mögulegt er að koma fyrir þurrkví á athafnasvæði hafnar sunnan hafnarbakkans. Er svæðið þá fullnýtt.



Mynd 14. Mögulegt skipulag 3. áfanga.

3.10 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Lögð er áhersla á vandaða hönnun mannvirkja bæði hvað snertir innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð byggingarlist þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði.

Skipulagssvæðið mun skera sig úr umhverfi sínu en litir og form bygginga geta dregið úr áhrifum þess.

Byggingarnefnd sér um afgreiðslu aðaluppdráttar og getur hafnað umsókn telji hún hana ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar gæðakröfur þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti. Komi upp ágreiningur eða vafaatriði við afgreiðslu ber byggingarnefnd að leita álits fagmanna við mat á þessum þáttum hönnunarinnar.

4 SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR

Skilmálar þessir taka til allra bygginga á svæðinu og frágangi lóða. Eru þeir til viðbótar og áréttingar almennum skilmálum byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

4.1 ALMENN ÁKVÆÐI

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um form og útlit bygginga umfram almennar gæðakröfur í kafla 3.10. Gefin er upp hámarkshæð (mænishæð) byggingar yfir leiðsögukóta gólflötu. Leiðsögukóti verður tilgreindur á mæliblaði. Hann verður ákvarðaður eftir áætlaðri hæðarsetningu lands og lóðamarka, að jafnaði um 20-30 cm yfir áætlaðri landhæð.

4.1.1 NÝTINGARHLUTFALL

Nýtingarhlutfall miðast við hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingarhluta í lokunarflokki A á viðkomandi og flatarmáls lóðar. Hámarksflatarmál byggingar á lóð fæst með því að margfalda lóðarstærð með nýtingarhlutfalli. Dæmi: $N=0,5$, lóð 5.000 m²; hámarksbyggingarmagn er $5.000 \times 0,5 = 2.500$ m².

4.1.2 BYGGINGARREITIR

Nýbyggingar skulu vera innan byggingarreita. Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdætti og málsettir á mæliblaði. Ákvæði um nýbyggingar eru sýnd á skipulagsuppdætti þar sem kveðið er á um starfsemi á lóð/svæði, nýtingarhlutfall (byggingarmagn/lóðarstærð), hámarksvegghæð langhliða bygginga og hámarks þakhalla. Sérákvæði geta gilt um einstaka lóðir. Þakbrúnir og minniháttar útbyggingar mega ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreiti. Ekki eru sett frekari ákvæði um form og útlit bygginga en tiltekin eru í kafla 5.9 um almennar gæðakröfur.

4.1.3 FRÁGANGUR LÓÐA

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar.

Landhæð á lóðamörkum skal vera samkvæmt uppgefnum hæðarkótum á mæli- og hæðarblöðum og skal ná að lágmarki 1 m inn á hvora lóð, nema lóðarhafar samliggjandi lóða geri með sér samkomulag um annað. Miðað er við að lóðarhæð fylgi beinni línu milli hæðarkóta. Allt jarðrask utan lóðarmarka er óheimilt. Lóðarhafar skulu ganga frá athafnasvæðum og bílastæðum með bundnu slitlagi. Öllum framkvæmdum við hús og á lóð skal lokið innan fjögurra ára frá úthlutun lóðar.

4.1.4 GIRÐINGAR

Lóðarhafar mega girða af lóð sína en girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda og samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Þær skulu sýndar á aðaluppdætti.

Krafa um mannheldar girðingar fer eftir starfsemi á lóðum og skal byggingarfulltrúi meta þörfina í samræmi við lög og reglugerðir.

Á athafnasvæði hafnar verður aðgangsstýring vegna skipa sem falla undir lög um siglingavernd nr. 50/2004, þ.e. skipa í millilandasiglingum. Settar verða færanlegar girðingar eftir þörfum. Þær eru ekki sýndar á skipulagsuppdætti. Verði þörf fyrir varanlegar girðingar skulu þær settar upp skv. byggingar- eða framkvæmdarleyfi.

4.1.5 HÚS SEM HEIMILT ER AÐ RÍFA

Heimilt er að rífa gömul bæjarhús Gilsbakka. Gert er ráð fyrir að íbúðarhús verði nýtt þangað til nýbygging leysir það af hólmi (ótímasett).

4.1.6 MINNIHÁTTAR MANNVIRKI

Heimilt er að reisa varanleg minniháttar mannvirki á hafnarbakkasvæði t.d. vegna tenginga skipa við veitukerfi eða vegna löndunar-/losunarbúnaðar. Ekki er þörf á byggingarreit fyrir þessi mannvirki en þau skulu koma fram á aðaluppdráttum.

4.1.7 AÐALUPPDÆTTIR

Aðaluppdættir (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, hæðar- og mæliblöð svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Leggja skal inn til samþykktar byggingarnefndar heildaruppdætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð ásamt afstöðumynd. Leitast skal við að láta byggingar á hverri lóð mynda samhengi eða heild. Þar sem hús eru samtengd skal samræma þakform, lita- og efnisval. Samtengd hús skulu hönnuð af sama aðila og lögð fyrir byggingarnefnd sem ein heild.

Á aðaluppdætti skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali.

Gera skal ráð fyrir geymslum fyrir sorp og/eða úrgang í/við byggingar til flokkunar og geymslu á hverri lóð. Flutningsleiðir fyrir aðföng og úrgang innan og við byggingar skulu vera vel skipulagðar með greiðan aðgang að sorpgeymslu eða sorpgámum. Staðsetningu og útlit sorpgeymsla skal sýna á aðaluppdætti.

Minniháttar mannvirki, skjólveggi og girðingar skal sýna og skilgreina á aðaluppdráttum.

Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu sýndar á sniðum og útlitsmyndum eftir því sem við á. Einnig skal skráningartafla vera á aðaluppdráttum þar sem stærðir eru tilgreindar. Að öðru leyti vísast til 4.3. kafla byggingarreglugerðar.

4.1.8 VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR

Sérteikningum skal skila með undirskrift hönnunarstjóra til byggingarfulltrúa til áritunar sbr. byggingarreglugerð.

4.1.9 MÆLI- OG HÆÐARBLÖÐ

Mæliblöð sýna lagnir, stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínur og kvaðir ef einhverjar eru.

Á mæliblöðum eru sýndar hæðir við lóðamörk og leiðsögukótar, þ.e. leiðbeinandi hæðarkótar gólfs jarðhæðar eða 1. hæðar. Gefin er upp hámarkshæð byggingar yfir leiðsögukóta, lega vatns- og frárennislisla og inntakshliðar fyrir rafmagn og heitt vatn.

4.2 SÉRÁKVÆÐI

Skrá þessi gerir grein fyrir öllum lóðum skipulagsins. Þar koma fram sérákvæði sem gilda fyrir viðkomandi lóðir ef einhver eru. Líklegt er að sérákvæði verði sett fyrir einstakar lóðir ef þörf verður fyrir breytingar á deiliskipulagi vegna tiltekinnar starfsemi.

4.2.1 ATHAFNASVÆÐI HAFNAR

Athafnasvæði hafnar (AH)				
Lóðanr.	Lóðastærð (m²)	Hámarks lóðanýting	Hámarks hæð (m)	Sérákvæði
101	91.663	0,3	10	
102	57.401	0,5	10	

4.2.2 LÓÐIR FYRIR VEITUMANNVIRKI

Lóðir fyrir veitumannvirki (R/S)				
Lóðanr.	Lóðastærð (m²)	Hámarks lóðanýting	Hámarks hæð (m)	Sérákvæði
201	400	0,2	6	Hreinsistöð fráveitu
202	1.255	0,1	6	Spennistöð
203	558	0,2	6	Spennistöð

4.2.3 LÓÐIR FYRIR HAFNSÆKNA STARFSEMI

Lóðir fyrir hafnsækna starfsemi (H)				
Lóðanr.	Lóðastærð (m²)	Hámarks lóðanýting	Hámarks hæð (m)	Sérákvæði
301	15.234	0,6	18	
302	15.825	0,6	18	
303	17.572	0,6	18	
304	15.823	0,6	18	
305	12.593	0,6	18	
306	12.592	0,6	18	
307	11.599	0,6	18	
308	8.706	0,6	18	
309	9.387	0,6	18	
310	7.973	0,6	18	
311	8.983	0,6	18	
312	6.842	0,6	18	

4.2.4 IÐNAÐARLÓÐIR

Iðnaðarlóðir (I)				
Lóðanr.	Lóðastærð (m²)	Hámarks lóðanýting	Hámarks hæð (m)	Sérákvæði
401	5.745	0,6	18	
402	7.116	0,6	18	
403	10.208	0,6	18	
404	10.190	0,6	18	
405	13.433	0,6	18	
406	6.309	0,6	18	
407	8.857	0,6	18	
408	5.771	0,6	18	
409	10.190	0,6	18	
410	9.885	0,6	18	
411	6.681	0,6	18	

4.2.5 ATHAFNALÓÐIR

Athafnalóðir (A)				
Lóðanr.	Lóðastærð (m²)	Hámarks lóðanýting	Hámarks hæð (m)	Sérákvæði
501	8.137	0,6	18	
502	8.665	0,6	18	
503	8.481	0,6	18	
504	7.141	0,6	18	
505	6.862	0,6	18	
506	6.136	0,6	18	
507	6.444	0,6	18	
508	5.975	0,6	10	
509	3.642	0,6	10	
510	3.675	0,6	10	
511	4.102	0,6	10	
512	3.259	0,6	10	
513	4.100	0,6	10	
514	5.106	0,6	10	
515	4.910	0,6	10	
516	4.132	0,6	10	
517	4.127	0,6	10	
518	7.977	0,6	10	

4.3 BREYTINGAR, MÁLSMEDFERÐ

Deiliskipulag þetta er verkfæri fyrir sveitarstjórn Hörgársveitar og stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs. til að leggja línur fyrir framtíðar uppbyggingu svæðisins, s.s. lóða- og gatnaskipan og umfang hafnar og landfyllinga. Eðli málsins samkvæmt liggur fyrirhuguð starfsemi á lóðum ekki fyrir og mögulega þarf að gera breytingar á skipulaginu t.d. lóðarstærðum, nýtingarhlutfalli eða byggingarreitum ef fyrirhuguð starfsemi kallar á slíkt. Breytingar geta einnig falist í sérákvæðum fyrir einstakar lóðir sbr. kafla 4.2.

Vegna óverulegra breytinga skal fara fram grenndarkynning hafi aðliggjandi lóðum verið úthlutað og/eða á þeim byggt.

Breyttar forsendur geta kallað á verulegar breytingar, bæði á uppdrætti og greinargerð, og skal þá fara með breytinguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4.3.1 BREYTINGARBLAÐ

Breytingar á deiliskipulagi, verulegar og óverulegar, skulu settar fram á breytingarblaði, þar sem fram koma á skýran hátt þær breytingar sem gerðar eru. Breytingar geta náð til eftirfarandi þátta:

- **Greinargerð:** Gera skal grein fyrir breytingum á texta greinargerðar s.s. breytingum á markmiðum, almennum ákvæðum eða sérákvæðum. Einnig þarf að gera grein fyrir samræmi við gildandi aðalskipulag með útdrætti úr stefnu þess. Birtur skal óbreyttur texti annars vegar og breyttur texti hins vegar.

- **Skipulagsuppdráttur:** Sýna skal viðkomandi svæði í sama mælikvarða og aðaluppdráttur skipulagsins er í, annars vegar óbreytt og hins vegar breytt.
- **Umhverfisskýrsla:** Meta skal eftir atvikum þau áhrif sem breytingin getur haft á umhverfispætti umhverfisskýrslunnar. Ef breytingin felur í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þarf málsmeðferð að uppfylla kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ef breytingin felur í sér matsskylda framkvæmd sem ekki liggur fyrir niðurstaða um skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal setja fyrirvara um niðurstöðu matsins á breytingarblaðið.

5 MÁLSMEÐFERÐ

5.1 KYNNING, SAMRÁÐ OG AUGLÝSING

Skipulag þetta er unnið fyrir Hafnarsamlag Norðurlands bs. í náinni samvinnu við sveitarstjórn Hörgársveitar. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur komið að mótun skipulagsins með ábendingum um mögulega starfsemi. Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti 13. apríl 2011 erindi Hafnarsamlags Norðurlands um gerð deiliskipulagsins.

Lýsing skipulagsverkefnis var kynnt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í janúar 2013. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Umhverfisstofnun sem fólu ekki í sér breytingar á áhersluatriðum. Umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við frágang deiliskipulagsins.

Drög að deiliskipulagi voru kynnt skipulagsnefnd 22. október 2013. Skipulagsnefnd samþykkti þann 4. mars 2014 að drögin yrðu kynnt á almennum íbúafundi (afgreitt í sveitarstjórn 19. mars 2014).

Almenn kynning, opið hús, var haldin í Hlíðarbæ, Hörgársveit, 19. ágúst 2015 þar sem farið var yfir tillögu að deiliskipulagi Dysness ásamt umhverfisskýrslu.

Leitað var umsagna eftirtalinna umsagnaraðila á auglýsingatíma tillögunnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins og minjaverði Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Vegagerðin, siglingasvið
- Norðurorka og Landsnet/Rarik (v. veitna)
- Sveitarfélög sem eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024
 - Grýtubakkahreppur
 - Svalbarðsstrandarhreppur
 - Akureyri
 - Eyjafjarðarsveit
 - Hörgársveit
 - Dalvíkurbyggð
 - Fjallabyggð

Umsagnir bárust frá tíu aðilum auk einnar athugasemdar, sjá bókun skipulags- og umhverfisnefndar 14. mars 2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. mars 2016.

5.1.1 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Athugasemdir og umsagnir gáfu tilefni til eftirtalinna breytinga á deiliskipulagstillögunni:

- Ákvæði um iðnaðarlóðir breytast þannig að lóðirnar eru nú ætlaðar undir iðnað sem ekki er talinn hafa neikvæð umhverfisáhrif. Áður voru þær ætlaðar iðnaði sem ekki er talinn hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif og er þannig hert á kröfum um umhverfisáhrif. Kafli 3.3.2.
- Gerð er krafa um öldufarsrannsóknir og rannsóknir á hafnartæknilegum forsendum áður en hafnarmannvirki verða hönnuð. Kafli 3.4.1.
- Gerð er krafa um deiliskráningu fornminja áður en til framkvæmda kemur og settur fyrirvari um breytingar á skipulagi ef niðurstöður skráningar gefa tilefni til. Kafli 3.7.2.

Nokkrar minni háttar og lagfæringar voru gerðar aðallega vegna staðfestingar nýs aðalskipulags Hörgársveitar (dagsetningar).

Breytingarnar eiga ekki við meginatriði deiliskipulagsins og gáfu ekki tilefni til þess að auglýsa það að nýju.

5.2 SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 4. nóvember 2015 til og með 16. desember 2015,

var samþykkt í sveitarstjórn

17. mars 2016.

sveitarstjóri Hörgársveitar

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

- Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017* (1998). Greinargerð.
- Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024* (2012). Lýsing verkefnisins og matslýsing, dags. 19. janúar 2012.
- Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024* (2013). Skipulagstillaga.
- Adolf Friðriksson (2005). Brimnes, Dysnes og Bakki, frumkönnun á fornleifum á þremur iðnaðarlóðum á Norðurlandi 2005, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Almenna verkfræðistofan o.fl. (2003). *Dysnes a Preliminary Site Study for a Primary Aluminium Plant in Eyjafjörður*, Reykjavík: Invest in Iceland Agency .
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstj.) (2008). *Fornleifaskráning í Arnarneshreppi, I. og II. bindi*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Flosi Hrafn Sigurðsson o.fl. (2004). Veðurathuganir í Dysnesi og nálægum stöðum í Eyjafirði sem skipt geta máli í tengslum við mat á umhverfisáhrifum stóriðju, Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- Gísli Karel Halldórsson (verkefnistj.) (2005). *Industrial site at Dysnes Eyjafjörður Iceland*, Reykjavík: Almenna Verkfræðistofan.
- Helgi Hallgrímsson (ritstj.) (1982). *Vesturströnd Eyjafjarðar, náttúrufar og minjar*, Akureyri: Náttúrugripasafnið á Akureyri.
- Halldór G. Pétursson (1990). *Byggingarefni í nágrenni Dysness*, Akureyri: Náttúrufræðistofnun Norðurlands.
- Halldór G. Pétursson (1990). *Geological Report on the building sites at Dysnes and Árskógssandur*, Akureyri: Náttúrufræðistofnun Norðurlands.
- Halldór G. Pétursson (2003). *Hugleiðingar um jarðfræði stóriðjulóðar við Dysnes* (stutt greinargerð f. Almennu Verkfræðistofuna), Akureyri: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Halldór G. Pétursson (2011). *Efnisnám og efnistökmöguleikar á Eyjafjarðarsvæði*, Akureyri: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Jón Skúlason og Karen K. Ernstdóttir (2000). *Höfn við Dysnes í Eyjafirði, athugun á lausum jarðlögum*, Reykjavík: Almenna Verkfræðistofan.
- Kerfisáætlun - fimm ára áætlun 2013-2017 (2013). Reykjavík: Landsnet.
- Páll Halldórsson (2005). *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi*, Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2011-2023* (2011). Verkefnislýsing.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2011-2023* (2011). Forsenduhefti.
- Staðarval stóriðju við Eyjafjörð, Jarðfræðileg forkönnun á hugsanlegri verksmiðjulóð við Dysnes í Arnarneshreppi*, (1983). Reykjavík: Orkustofnun.
- Umhverfisstofnun (2013). *Náttúruminjaskrá Norðausturlands*. Sótt 24. september 2013 af <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/nordausturland/>
- Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2012-2013 (2012), Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið.
- Þór Jakobsson o.fl. (2002). *Hafíshætta m.t.t. siglinga*, Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

REGLUGERÐIR

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr.796/1999

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001

LÖG

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

SKIPULAG

Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017

Hörgársveit, Aðalskipulag 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

7 UMhverfisskýrsla

Ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda um þær skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðaukum 1. og 2. við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í skipulaginu eru áætlaðar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum:

- *Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.* Fellur undir lið A og er því háð mati á umhverfisáhrifum.
- *Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri.* Fellur undir lið B og flokkast því sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningarskyld framkvæmd.

Á efri skipulagsstigum er lagt mat á hvort og hvar starfsemi sem hér er gert ráð fyrir eigi að rísa (sjá kafla 7.1). Í umhverfisskýrslu þessari er mat lagt áhrif útfærslunnar á umhverfisþætti.

Ekki liggur fyrir hvaða starfsemi kemur til með að vera innan svæðisins og því ekki hægt að leggja mat á áhrif af framtíðar starfsemi.

7.1 SAMANTEKT

Skipulag þetta gerir ráð fyrir hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi í Eyjafirði samtals um 86 ha að flatarmáli. Í skipulaginu felst gerð um 16,5 ha landfyllingar sem er tilkynningarskyld framkvæmd skv. flokki B í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagið er unnið í samræmi við gildandi svæðis- og aðalskipulag. Gerður hefur verið Vaxtasamningur fyrir Eyjafjörð þar sem stefna um hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi er stutt. Grunnástand og forsendur gera svæðið ákjósanlegt til uppbyggingar s.s. vegna lítillar ölduhæðar og landrýmis.

Í umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 er mat lagt á iðnaðarsvæði og sérhæfða vöruhöfn á Dysnesi. Staðarval ræðst þar af staðháttum, þ.e. láglendi upp af góðum hafnarskilyrðum. Landþrengsli eru nú við Akureyrarhöfn þar sem hluti hafnarsvæða hefur verið tekinn til annarra nota og er stefnt að því að hafnarstarfsemi þar víki með tímanum fyrir íbúðarbyggð. Í niðurstöðu umhverfisskýrslu kemur fram að með vöruhöfn á Dysnesi sé tekið tillit til sameiginlegra hagsmuna atvinnulífs á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í umhverfisskýrslu sem fylgir Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 liggur fyrir mat á tveimur valkostum. Kostirnir eru a) að nýta land á Dysnesi eins og hér er gert ráð fyrir með hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði eða b) núllkostur, þ.e. áframhaldandi túnrækt og óbyggt svæði. Í niðurstöðu skýrslunnar segir að stefna um uppbyggingu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæðis geti haft neikvæð áhrif á landslag, ásýnd, náttúrufar og menningarminjar á svæðinu en það fer þó allt eftir umfangi starfseminnar. Jákvæð áhrif munu verða á íbúðapróun og atvinnulíf þar sem fjölbreytni í atvinnulífi eykst með tilkomu fyrirtækja og hafnaraðstöðu á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að á svæðið komi stóriðja eða annar mengandi iðnaður heldur fjölbreytt starfsemi sem geti notið góðs af nálægð við höfn.

Við vinnslu umhverfismats deiliskipulagsins voru valdir umhverfisþættir sem hugsanlega verða fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunarinnar og áhrif á þá metin. Vægi áhrifa var metið út frá því hvort útfærsla skipulagsins hafi jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óljós áhrif á umhverfið. Útfærsla skipulagsins er talin hafa að jafnaði neikvæð áhrif á umhverfið en jákvæð áhrif eru á hluta menningarminja sem verða gerðar aðgengilegar.

Skipulagið er unnið í samráði við Hafnasamlag Norðurlands bs., sveitarstjórn Hörgársveitar og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar auk þess sem umsagna er óskað frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun

- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins og minjaverði Norðurlands eystra
- Siglingastofnun
- Vegagerð
- Norðurorka og Landsnet/Rarik
- Sveitarfélög sem eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024

Ekki er talin ástæða til að leggja fram vöktunaráætlun þar sem ekki er fyrir séð hvaða starfsemi mun vera innan svæðisins. Meta skal eftir atvikum hvort þörf verði á vöktunaráætlunum fyrir framkvæmdir og starfsemi á svæðinu.

7.2 YFIRLIT SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Deiliskipulagið snýr að uppbyggingu hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæðis á Dysnesi í Eyjafirði. Það afmarkast af Bakkavegi í vestri, Pálmholtslæk í suðri, landamörkum Bakkagerðis í norðri og línu um 400 m frá strönd í austri, samtals um 86 ha 59 ha eru á landi og 27 ha í sjó og rúmar svæðið fyrirhuguð hafnarmannvirki.

Stórum byggingum verður komið fyrir niður við höfnina og minni byggingum efst í suðvesturhorni skipulagssvæðisins, við Bakkaveg. Gatnakerfi og lóðir verða lagaðar að landi. Landfylling er áætluð um 16,5 ha og viðlegukantur allt að 600 m að lengd. Dýpi við viðlegukant er áætlað allt að 12 m.

Aðstaða skapast til að reisa ýmiss konar athafna- og iðnaðarstarfsemi á svæðinu sem e.t.v. verður háð mati á umhverfisáhrifum.

7.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Sjá kafla 2.6.

7.4 UPPLÝSINGAR UM GRUNNÁSTAND

Sjá kafla 2.1.

7.5 UMHVERFISÞÆTTIR OG SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA

Mat var lagt á eftirtalda umhverfisþætti sem taldir eru geta haft í för með sér umhverfisáhrif vegna skipulagsins:

	Umhverfisþáttur	Skýring
Náttúrufar	Vatn og sjór	Vegna landfyllingar
	Land/sjávarbotn	Vegna landmótunar innan svæðis og landfyllingar á sjávarbotni
	Vistkerfi	Vegna breyttrar landnotkunar
	Landslag/ásýnd	Vegna breyttrar landnotkunar og landmótunar
Samfélag	Heilsa og öryggi	Vegna hljóðvistar og loftgæða
	Menningarminjar	Vegna fornleifa á svæðinu
	Efnahagur, atvinnulíf	Vegna breyttrar landnotkunar

Við matið er vægi áhrifa skilgreint með eftirfarandi hætti:

Vægi áhrifa	Tákn
Jákvæð	+
Óveruleg	0
Neikvæð	-
Óljós	?

7.6 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR OG VALKOSTIR

Valkostir deiliskipulagsins byggja á því hvernig móta megi svæðið með skilgreinda landnotkun og skilmála aðalskipulags í huga. Ýmsir kostir voru skoðaðir við gerð skipulagsins. Eftirfarandi þættir hafa ákvarðað meginlínur þess:

- Stærð landfyllingar og lengd og lega hafnarbakka/viðlegukants stýrist m.a. af dýpt sjávar og öldubroti. Leiðbeinandi línur voru fengnar frá Siglingastofnun sem mun sjá um hönnun og nánari útfærslu.
- Lega safngötu stýrist af miðlægri staðsetningu og halla í landi.
- Landnýting og afmörkun lóða stýrist af landslagi, þ.e. melhóli, læk og votlendi, en einnig af eignarhaldi lands.

Í skipulaginu var áhersla lögð á hagkvæma áfangaskiptingu, fjölbreytt lóðaframboð, miðlæga aðkomu og verndun fornminja og náttúrulegra svæða sem njóta sérstöðu.

		Þættir skipulags					
		Vegur		Lóðir/ byggingar/ starfsemi		Landfylling	
Náttúrufar	Vatn og sjór	0		-	Hafnsækin starfsemi gæti haft neikvæð áhrif á sjó.	0	
	Land/sjávarbotn	0		0		-	Staðbundin áhrif verða á sjávarbotninn.
	Vistkerfi	-	Gróðurþekja mun skerðast.	- ?	Gróðurþekja mun skerðast verulega.	- ?	Staðbundinna áhrifa mun gæta á vistkerfi sjávarbotnsins.
	Landslag/ ásýnd	-	Vegur munu sjást sem línur í mjög breyttu landslagi.	-	Lóðir verða felldar að landi. Byggingar munu breyta ásýnd lands verulega. Jarðvegsmanir munu draga úr innsýn á svæðið frá landi.	-	Ásýnd lands mun breytast.
Samfélag	Heilsa og öryggi	0		0 ?	Áhrif á heilsu og öryggi fer eftir þeirri starfsemi sem leyfð verður.	0	
	Menningarminjar	0		-	Minjastöðum verður líklega raskað en áhugaverðustu minjarnar verða varðveittar og dregnar fram í skipulaginu.	0	
	Efnahagur, atvinnulíf	0		+	Framboð lóða eykst og atvinnuframboð mun aukast.	+	Hafnaraðastaða verður bætt á Norðurlandi.

7.7 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Neikvæð áhrif verða mest á umhverfispáttinn landslag/ásýnd þar sem verulegar breytingar verða á landi með fyrirhugaðri uppbyggingu. Mótvægisaðgerð í formi jarðvegsmana og gróðurs mun draga úr neikvæðum áhrifum með því að draga úr innsýn á svæðið. Gerð landfyllingar við höfnina er tilkynningarskyld framkvæmd sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Áhrif sem snúa að starfseminni eru óljós þar sem ekki liggur fyrir eðli þeirrar starfsemi sem gæti byggst upp á Dysnesi. Lög og reglugerðir munu stuðla að því að neikvæð áhrif af starfsemi verði sem minnst á umhverfið.


Með tilkomu hafnar og landrýmis fyrir ýmiss konar starfsemi er unnið að auknum atvinnutækifærum sem munu hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf.

7.8 SAMRÁÐ

Sjá kafla. 6.1

7.9 VÖKTUNARÁÆTLUN

Ekki er talin ástæða til að leggja fram vöktunaráætlun fyrir skipulagsáætlun þessa þar sem ekki liggur fyrir eðli þeirrar starfsemi sem innan þess verður. Þegar starfsemi á einstaka lóðum hefur verið ákveðin skal meta hvort framkvæmdin og starfsemin þurfi að fara í umhverfismat með tilheyrandi vöktunaráætlun.



Höfnarsviti aðalskipulag 2012-2024 staðfest 17.12.2015

1000 JOURNAL OF POST KEYNESIAN ECONOMICS

SMÆKKAÐUR UPPDRÁTTUR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.ú.br. frá 4. nóvember 2015 til og með 16. desember 2015, var sambúið í sveitarstíðum bann

Sveitarstjórn Höfnarssveitarar

Gilt für die jeweilige Modellierung des jeweiligen Störmerkmals.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUDJONSSON
OG FELLAQAR ehf.
arkitektar fal

VERB 40 070

BLAD	10-959
------	--------

001

5


[illegible]

1000000



Yfirlitsmynd skipulagssvæðis


mkv. 1:7.500



Mögulegt yfirbragð svæðis - model



SMÆKKAÐUR UPPDRÁTTUR



Skýringar

- Núverandi landhæð
- Ný landhæð
- Bygging
- Yfirborð sjávar

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Gylfi Guðjónsson
OG FELAGAR ehf.
ARKITEKTAR TÆL
HAFNAR- OG IÐNAÐARSVÆÐIS
Á DYSNESI Í HÖRGÁRSVEIT
HÖRGÁRSVEIT
17.03.2016

SKÝRINGARUPPDRATTUR DEILISKIPULAG

Hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi í Eyjafirði
HÖRGÁRSVEIT
17.03.2016

VERK 10-959
BLAÐ 002

Meðfylgjandi uppdráttur þessum
er greinargerð dags. 17.03.2016,
uppdráttur dags. 17.03.2016
og viðaukar dags. 07.01.2014.

